



# Hljóðbókasafn Íslands

Fyrir blinda, sjónskerta  
og prentleturshamlaða

Allir eiga rétt á upplýsingum í lýðræðissamfélagi



## Starfsskýrsla 2021

## Efnisyfirlit

Frá forstöðumanni _____	1
Hljóðbókasafn Íslands, hlutverk og markmið _____	2
Stefnumótun og áherslur _____	4
Breytingar á höfundalögum og starfsreglur _____	6
Varnir _____	7
Marakess sáttmálinn _____	7
Þátttaka í Bókasafnasjóði höfunda _____	7
Húsnæðismál _____	8
Ánægja með þjónustu _____	8
Samráðshópur og helstu samstarfsaðilar _____	10
Máltækniáætlunin _____	10
Norrænt samstarf _____	11
Sameiginleg sýn á mikilvægi þess að lesefni sé aðgengilegt _____	11
UX-hópur _____	11
Nordic IT Forum _____	11
Útgáfa án aðgreiningar _____	12
Millisafnalán á Norðurlöndum _____	12
Safnkostur _____	12
Kynningarstarf _____	12
Lykiltölur _____	13
Bækur gerðar aðgengilegar 2021 _____	13
Grunnupplýsingar _____	18
Listi yfir bækur gerðar aðgengilegar á árinu _____	20

## Frá forstöðumanni

---

Árið í heild mótaðist af því að halda úti góðri þjónustu við lánþega í heimsfaraldri með tilheyrandi takmörkunum, bæta rekstraröryggi og rafræna þjónustu og vinna að heildarstefnumótun til ársins 2025. Endurskoðuð höfundalög tóku gildi á árinu og höfðu breytingarnar töluverð áhrif. Í nýju lögnum er skerpt á hlutverki og heimildum safnsins.

Þótt heimsfaraldurinn hafi áfram sett mark sitt á alla starfsemi voru starfsmenn þó mun oftast saman á vinnustað en árið á undan. Unnið var á vöktum í mars og aprílmánuði. Þjónusta við lánþega hélt góð og tryggt var að ekki þyrfti að koma til lokunar á hljóðverum né takmarka rafræna starfsemi og síma- og tölvuþjónustu.

Framleiðsla á bókum gekk vel þrátt fyrir að hljóðver væru á köflum einsetin svo tryggja mætti öryggi lesara og starfsfólks. Nýjar bækur sem bættust við safnkostinn voru þó ívið færri en árið áður. Unnið var að bættu samstarfi við útgefendur og á árinu 2021 var hlutfall keyþra hljóðrita inn á safnið 19% og hefur það aldrei verið hærra.

Skipting heildarútgjalda á árinu 2021 voru þannig að 33% fóru í kjarnastarfsemina, 48% í launakostnað, 10% í húsnæðiskostnað og 9% í annan rekstrarkostnað. Hljóðbókasafn Íslands hefur eina starfsstöð, í Kópavogi. Á safninu eru sjö starfsmenn í fullu starfi en á árinu var að auki ráðinn inn starfsmaður í 80% starf á vegum átaksverkefnis Vinnumálastofnunar. Safnið skiptist í tvær deildir, útlána- og upplýsingadeild og framleiðslu- og tæknideild.

Í lok árs 2020 gekk í gildi hámarksstytting vinnuvikunnar hjá starfsmönnum Hljóðbókasafnsins og var þjónustutími stytur með þeim hætti að safnið lokar klukkan 14:30 á föstudögum. Gekk þetta fyrsta heila ár undir merkjum Betri vinnutíma vel. Í samræmi við yfirlýst markmið og fyrirmæli um markviss vinnubrögð samhliða styttingunni er lögð áhersla á rafræna þróun sem auðveldar mjög alla umsýslu. Mikil breyting hefur orðið í þá átt að gera lánþega sjálfstæðari þegar kemur að útlánnum.

## Hljóðbókasafn Íslands, hlutverk og markmið

---

Markmið og stefna Hljóðbókasafns Íslands er fyrst og síðast að opna aðgang að hvers konar prentuðum texta fyrir þau sem ekki geta lesið prentað mál.

Hljóðbókasafn Íslands var stofnað árið 1982, þá nefnt Blindrabókasafn Íslands. Hlutverk safnsins er skýrt í lögum og í þeim eru skilgreind megin skyldur og verkefni. Safnið starfar eftir reglugerð frá árinu 2013, bókasafnalögum nr. 150/2012 og höfundalögum nr. 73/1972. Þá er safnið viðurkennd eining í skilningi 3. töluliðar 19. gr. a höfundalaga og er heimilt skv. 2. mgr. 19. gr. c sömu laga að nota verk og annað efni sem nýtur verndar skv. höfundalögum á þann hátt sem þar greinir.


Markmið og stefna Hljóðbókasafns Íslands er fyrst og síðast að opna aðgang að hvers konar prentuðum texta fyrir þau sem ekki geta lesið prentað mál. Verkefni safnsins er að efla og bæta þjónustu við lestrarhamlaða einstaklinga á Íslandi. Sérstök áhersla er lögð á að þjónusta blinda og sjónskerta og gera nemendum sem glíma við lestrarhömlun kleift að nálgast námsefni sem búið er að gera aðgengilegt. Lögð er áhersla á persónulega og góða þjónustu við lánþega.

Stærsti hópur lánþega glímur við lesblindu. Næststærsti hópurinn er þeir sem flokkast sem „Aðrir“ (t.a.m. fólk sem vegna sjúkleika getur ekki haldið á bók, fólk með ADHD, fólk sem glímur við minnisglöp og fólk með andlega fötlun) og þriðji stærsti hópurinn er blindir og sjónskertir og er lögð sérstök áhersla á að þjónusta þann hóp sem best. Safnið gerir sér far um að framleiða og laga efnið að þörfum notandans og liður í því er að vinna bækur með samstilltu hljóði og texta.

Hljóðbókasafn Íslands stuðlar með starfsemi sinni að auknu læsi og bættu aðgengi að bókmenntum, námsbókum og öðrum útgefnum textum. Þannig miðar starfsemin að því að uppfylla fyrir hönd íslenska ríkisins ákvæði Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og jafnt aðgengi til náms. Safnið gegnir því bæði mikilvægu félagslegu og menningarlegu hlutverki.

Hljóðbókasafn Íslands fellur undir málaflokkinn 18.1 safnamál og hefur það lögbundna hlutverk að veita bókasafnsþjónustu fyrir þann hóp sem ekki getur lesið prentað mál skv. skilgreiningu ákvæða 19. gr. b – 19. gr. e í höfundalögum. Þetta er gert með því að framleiða efni á aðgengilegu formi og miðla til þeirra sem á þurfa að halda. Safnið er ekki opið öllum og þurfa lánþegar að skila inn vottorði um lestrarhömlun.

## Skipurit



## Stefnumótun og áherslur

---

Á árinu var unnin stefnumótun og framtíðarsýn til ársins 2025 og er þeirri vinnu haldið áfram á árinu 2022. Kjarninn í stefnumótuninni var að finna leiðir og lausnir til að veita framúrskarandi þjónustu og að starfsmenn sinni starfi sínu af alúð með samvinnu að leiðarljósi.

Stefnumótunarfundur var haldinn á Grand hóteli þann 1. desember. Anna Sigurborg Ólafsdóttir stjórnunarráðgjafi stýrði fundinum og tóku allir starfsmenn þátt. Í kjölfar stefnumótunarfundar starfsmanna voru haldnir tveir fundir með samráðshópi Hljóðbókasafnsins. Á þessari vinnu og starfsdegi sem haldinn var í febrúar byggir framtíðarsýn safnsins. Í byrjun árs 2022 var gefin út bæklingurinn *Stefna og framtíðarsýn Hljóðbókasafns Íslands 2022-2025* og unnin aðgerðaáætlun þar sem skráðar eru leiðir að markmiðum. Verkefnin eru unnin undir fjórum flokkum; þjónusta, tæknimál, lögbundið hlutverk og ímynd.

Mælanleg og aðgerðabundin markmið fyrir kjarnastarfsemi Hljóðbókasafns Íslands eru:

- Að efla safnkost, bæði með framleiðslu efnis og með því að kaupa hljóðbækur af útgefendum, svo tryggja megi aðgengi lánþega að menningu og upplýsingum og þar með þátttöku í samfélaginu.
- Að veita persónulega og góða þjónustu og framleiða og laga efnisval að þörfum og óskum lánþega.
- Að nýta tæknilausnir svo aðgengi að safninu sé tryggt og tengingar traustar.
- Að auka samstarf.
- Góð nýting fjármuna.

Starfsemi safnsins snýst fyrst fremst um að veita sem besta þjónustu. Gildi safnsins í nýrri stefnumótun eru því: þjónusta, alúð og samvinna. Lesa má heildarstefnuna á vef safnsins [www.hbs.is](http://www.hbs.is)



Starfsfólk Hljóðbókasafnsins á stefnumótunarfundi þann 1. desember 2021 á Grand hóteli.

Gildi safnsins eru: Þjónusta, alúð og samvinna.

## Breytingar á höfundalögum og starfsreglur

---

Á árinu voru samþykktar breytingar á höfundalögum og varð töluverð breyting á 19. grein laganna sem varðar takmarkanir á einkarétti til hagsbóta fyrir fólk með sjón- eða lestrarhömlun. Breytingarnar voru nauðsynlegur undanfari þess að Ísland gæti fullgilt Marakess-sáttmálann um aðgengi blindra, sjónskertra og þeirra sem glíma við aðra prentleturshömlun að höfundarréttarvörðu efni þvert á landamæri.

Í endurskoðuðum höfundalögum er betur skilgreint hverjir eiga rétt á þjónustu Hljóðbókasafnsins, hvað eintak á aðgengilegu formi er og hvað viðurkennd eining, sem er ekki rekin í hagnaðarskyni, má gera. „Viðurkennd eining getur gert eintak á aðgengilegu formi af verki eða öðru efni sem hún hefur lögmætan aðgang að, eða miðlað eintaki á aðgengilegu formi, gert það aðgengilegt, dreift því eða lánað einstaklingi með sjón- eða lestrarhömlun eða annarri viðurkenndri einingu með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, sé það ekki gert í hagnaðarskyni og sé eingöngu til afnota fyrir einstaklinga með sjón- eða lestrarhömlun. Viðurkenndri einingu er einnig heimilt með sömu skilyrðum að miðla eintaki á aðgengilegu formi, gera það aðgengilegt, dreifa því eða lána einstaklingum sem eru með sjón- eða lestrarhömlun og hafa búsetu í ríkjum sem eru aðilar að Marakess-sáttmálanum eða viðurkenndum einingum með staðfestu í sömu ríkjum.“

Með breytingu á höfundalögum er stigið mikilvægt skref í þá átt að skilgreina betur og skerpa á hlutverki og skyldum safnsins til samræmis við áþekkar stofnanir á Norðurlöndum og um heim allan.

Í endurskoðuðum höfundalögum er einnig kveðið á um að safnið setji sér starfsreglur til að tryggja að það miðli og geri eintök á aðgengilegu formi einungis aðgengileg einstaklingum með sjón- eða lestrarhömlun og geri viðeigandi ráðstafanir til þess að vinna gegn eftirgerð eða óheimilli miðlun. Menningarmálaráðherra, Lilja D. Alfreðsdóttir, staðfesti starfsreglur safnsins í september 2021 en í þeim eru skilgreindar þær ráðstafanir sem safnið viðhefur gegn misnotkun.



## Varnir

---

Ávallt hefur verið unnið gegn misnotkun hjá Hljóðbókasafni Íslands og allir lánþegar þurfa að skila inn vottorði. Nýjar starfsreglur skerptu betur á þeim ráðstöfunum sem hægt væri að grípa til og var mikil vinna lögð í það á árinu að finna út með hvaða hætti best væri að fara í lykilorðaskipti svo rjúfa mætti tengingar við hlustunartæki. Í starfsreglum er kveðið á um að undanskilja megi þá sem þykir ástæða til s.s. vegna fötlunar eða aldurs. Forritunarvinna hjá Prógramm náði vel utan um þá sem nýta vefspilara til að hlusta en þegar kom að hlustendum Apps reyndist flóknara að undanskilja viðkvæmustu hópana. Á árinu 2022 var áfram reynt að finna lausn á þessu en í febrúar það ár var að lokum ákveðið að allir þyrftu að skipta út lykilorði sínu. Áfram verður unnið að því að finna lausn á því hvernig megi undanskilja viðkvæmustu hópanna.

Hljóðbókasafnið, eins og svo margar aðrar stofnanir, þurfti að ráðast í kostnaðarsamar aðgerðir vegna öryggisholu í hugbúnaði sem upp kom á árinu þar sem vef- og appkerfi reyndust óvarin fyrir innbrotum vegna log4j.

## Marakess sáttmálinn

---

Ísland undirritaði Marrakess sáttmálann í marsmánuði en aðild Íslands tryggir rétt og aðgengi blindra og sjónskertra að höfundarréttarvörðu efni þvert á landamæri. Þannig opnast leiðir að fjölbreyttara efni og ekki skiptir lengur máli hvar í heiminum bækur og annað prentefni er gefið út. Heimildir í sáttmálanum fjalla sérstaklega um félög og stofnanir á borð við Hljóðbókasafn Íslands sem ekki eru hagnaðardrifin og gera efni aðgengilegt fyrir þá sem á þurfa að halda. Aðild Íslands skiptir miklu máli fyrir þann hóp sem nýtir sér mikilvæga þjónustu safnsins. Sáttmálinn setur skýrar reglur um meðferð á höfundarrétti og einvörðungu er verið að opna á millisafnaaðgang til þeirra hópa sem á þurfa að halda og sem í tilviki Hljóðbókasafns Íslands hafa skilað inn vottorði um prentleturshömlun. Sáttmálinn birtir þó fyrst og síðast ríkan skilning á mannréttindum og nauðsyn þess að tryggja jafnt aðgengi að lesefni.

## Þátttaka í Bókasafnasjóði höfunda

---

Á árinu var í fyrsta skipti greitt fyrir útlán hjá Hljóðbókasafninu. Reglum um greiðslur fyrir afnot efnis á bókasöfnum var breytt með þeim hætti að útlán Hljóðbókasafns Íslands eru talin með þegar kemur að úthlutun til rithöfunda úr deilisjóði bókasafna. Kostnaður vegna þessa greiðist af árlegri fjárveitingu Alþingis. Almenn ánægja var meðal höfunda og þýðenda með þessa breytingu.

## Húsnæðismál

---

Mikil uppbygging er fyrirhuguð í Hamraborginni og því ljóst að mikill hávaði mun skapast á næstu árum. Það mun reynast starfseminni erfitt þar sem hávaði og hljóðupptökur fara illa saman. Haldnir voru samráðsfundir með Kópavogsbæ vegna framkvæmdanna í samvinnu við Ráðgjafar- og greiningarstöð sem einnig er staðsett að Digranesvegi 5. Óvíst er hvenær framkvæmdir munu hefjast en stefnt er að því að verkefnið hefjist á vormánuðum 2023.

Hönnun á stækkun húsnæðis Blindrafélagsins í Hamrahlíð er einnig fyrirhuguð og á árinu bauð Blindrafélagið safninu að taka þátt í hönnunarvinnu með það í huga að safnið flyttist þangað. Starfsmenn safnsins tóku þátt í þessari vinnu að hluta, fóru á vinnustaði til að skoða opin rými og lögðu mat á húsnæðisþörf safnsins.

Á vormánuðum var unnin þarfagreining vegna húsnæðismála og minnisblað sent til ráðuneytis og til Blindrafélagsins. Í árslok lá ekki fyrir hvort fyrirhugað væri að safnið flytti frá Digranesvegi 5.

## Ánægja með þjónustu

---

Fyrirtækið Intellecta vann úttekt fyrir Blindrafélagið á nokkrum þjónustupáttum. Lagt var m.a. mat á hvort Hljóðbókasafnið gæti með góðu móti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og hvort tækifæri væru til umbóta eða samstarfs við aðra sem þjónusta hóp blindra og sjónskertra. Samhliða gerði Gallup könnun á meðal félagsmanna Blindrafélagsins og kom safnið afar vel út bæði hvað varðar úttekt og þjónustukönnun. Af þeim sem höfðu nýtt sér þjónustu Hljóðbókasafnsins voru 97,6% ánægðir með þjónustuna. Þeir þættir sem skiptu svarendur mestu máli voru „að nýjar bækur kæmu fljótt inn á safnið“ og svo „úrval bóka á safninu“ og í þriðja lagi „að lánþegar geti óskað eftir ákveðnum bókatitlum.“

Hljóðbókasafnið fékk bestu útkomuna í samræmdri þjónustukönnun Stjórnarráðsins á árinu. Spurt var um heildaránægju með þjónustu, samskipti við stofnun, áreiðanleika upplýsinga, afgreiðsluhraða erinda og stafræna þjónustu. Safnið var hæst af þeim 33 ríkisstofnunum sem voru kannaðar að þessu sinni en 95% notenda safnsins voru ánægðir með þjónustuna í heild, 65% mjög ánægðir og 30% frekar ánægðir.

97,6% lánþega eru ánægðir með þjónustuna

## Hæsti styrkur úr Bókasafnasjóði

Unnið var áfram í að auka sjálfvirkni í framleiðslu aðgengilegra bóka og sótt um styrk í bókasafnasjóð til verkefnisins. Þær ánægjulegu fréttir bárust í lok árs að safnið hefði hlotið hæsta styrkinn úr sjóðnum og var hann afhentur í byrjun árs 2022. Hljóðbókasafnið hlaut 6 milljónir króna, fyrir verkefnið *Hljóðstafi* sem snýr að því að ljúka við smíði hugbúnaðarkerfis til að samþætta upplesið hljóð og texta í aðgengilega bók. Markmið bókasafnasjóðs er að efla starfsemi bókasafna og fer Rannís með umsjón sjóðsins. Sjóðurinn styrkir skilgreindar rannsóknir og þróunar- og samstarfsverkefni á sviði bókasafna- og upplýsingamála.



Lilja D. Alfreðsdóttir menningarmálaráðherra og Marín Guðrún Hrafnisdóttir forstöðumaður Hljóðbókasafns Íslands við afhendingu styrks úr Bókasafnasjóði. Mynd: Sigurður Bogi Sævarsson.

## Samráðshópur og helstu samstarfsaðilar

---

Samráðshópur Hljóðbókasafnsins hittist nokkrum sinnum á árinu en honum er ætlað að vera forstöðumanni til ráðgjafar um stefnu safnsins og önnur málefni sem varða starfsemi þess.

Blindrafélagið er einn mikilvægasti bakhjarl safnsins og samstarfsaðili. Skoðanakannanir hafa sýnt fram á mikilvægi safnsins og ánægju sjónskertra og blindra með þjónustuna. Safnið tók þátt í alþjóðlegum sjónverndardegi sem haldinn var í október og starfsfólk mætti í 80 ára afmæli Blindravinnustofunnar í Hamrahlíð. Unnið var áfram með þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.

## Máltækniáætlunin

---

Hljóðbókasafnið er ein þeirra stofnana sem taka þátt í máltækniáætlun Íslands. Á árinu var skrifað undir nýjan samning Almannaþróms (miðstöðvar um máltækni) og Samstarfs um íslenska máltækni (SÍM) um framkvæmd áætlunarinnar á þriðja verkefnisári. Markmið Almannaþróms er að tryggja að íslenska verði jafnoki annarra tungumála í stafrænni tækni og vernda þannig íslenska tungu.



Rannsóknar- og þróunarhópurinn sem tekur þátt í máltækniáætluninni. Mynd tekin í október 2021 þegar máltækni miðstöðin Almannaþrómur og samstarfsaðilar undirrituðu nýjan samning.

## Norrænt samstarf

---

Safnið er í sífelldri þróun í samræmi við tæknilegar framfarir, sem m.a. kallar á virka þátttöku í erlendu samstarfi, aðallega norrænu. Norrænt samstarf er mikilvægt fyrir Hljóðbókasafnið og skila samráðsfundir Norðurlandasafnanna margvíslegum ávinningi. Ísland tekur þátt í flestum samnorrænum verkefnum safnanna, nema þeim sem snúa ekki beint að starfseminni lengur, eins og verkefnum um Braille-punktaletur. Forstöðumenn systurstofnana á Norðurlöndum, auk safnsins í Sviss, hittust einungis á fjarfundum á árinu en hópur tæknimanna kom saman í Danmörku í nóvembermánuði.

### Sameiginleg sýn á mikilvægi þess að lesefni sé aðgengilegt

Norrænu söfnin auk safnsins í Sviss ákváðu á árinu að standa að sameiginlegri yfirlýsingu eða sýn enda miklar vonir bundnar við væntanlega Evróputilskipun um aðgengi. Samkvæmt henni skal stefnt að inngildandi bókamarkaði fyrir alla. Var þessari réttarbót fagnað og minnt á að starfsfólk safnanna væru sérfræðingar um útgáfu án aðgreiningar sem nýst gæti almennum bókamarkaði.

#### Söfnin einsettu sér:

- Að búa til tengslanet með útgáfuaðilum svo tryggja megi aðgengi að lesefni og útgáfu án aðgreiningar.
- Að deila þekkingu okkar á þörfum lesenda með lestrarhömlun og hvernig við mætum þeim best sem stofnanir, samtök og markaðsaðilar.
- Að leitast við að allir hafi möguleika á að lesa á sínum forsendum með því að hvetja til algildra útgáfulausna sem mæta þörfum hvers og eins.

Í sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks segir að allir þurfi aðgang að upplýsingum og óheft tækifæri til samskipta til að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í samfélaginu. Þetta er kjarninn í starfi okkar, við búum til lausnir fyrir lesendur með lestrarhömlun og störfum sem þekkingarmiðstöðvar með þarfir lesenda okkar að leiðarljósi.

### UX-hópur

Betri þjónusta við lánþega eða „Users Experience“ hópurinn (UX) samanstendur af starfsmönnum sem vinna við að skoða hvernig bæta megi þjónustu og innleiða nýjungar hjá norrænu söfnunum. Haldnir voru fjarfundir um notendaupplifanir og leiddi Hljóðbókasafn Íslands einn fundinn.

### Nordic IT Forum

Samstarfshópurinn Nordic IT Forum er samsettur af tæknimönnum safnanna og fjallar um nýjungar í tækni til umbóta. Hópurinn hittist nokkrum sinnum á ári og fer yfir tæknimál og nýjungar, skiptist á þekkingu og stillir saman strengi. Tveir aðrir formlegir hópar sem snúa að tæknimálum eru einnig starfandi, STEM Group sem snýr m.a. að birtingu stærðfræðiformúla í aðgengilegum bókum og Procurement Group sem samhæfir útboð og annað sem tengist bókum sem unnar eru á Indlandi.

## Útgáfa án aðgreiningar

Lagaumhverfi nánustu framtíðar kallar á aðgerðir meðal útgefenda, ritstjóra, höfunda og dreifingaraðila til að leggja áherslu á útgáfu án aðgreiningar frá grunni.

Í nóvember hélt NIPI hópurinn (Nordic Inclusive Publishing Initiative) ráðstefnu sem sérstaklega var ætluð útgefendum og starfsfólki bókasafna, þar sem alþjóðlegir fyrirlesarar með sérþekkingu á fjölmörgum hliðum rafrænnar og aðgengilegrar útgáfu kynntu fyrir útgefendum hvað þarf til til að ástunda útgáfu án aðgreiningar.

NIPI er samstarfsverkefni fimm norræna systursafna sem öll bera ábyrgð á að gera bækur og annað lesefni aðgengilegt þeim sem ekki geta lesið prentað letur sér til gagns.

## Millisafnalán á Norðurlöndum

Norðurlöndin lána bækur sín á milli samkvæmt sérstökum samningi og hefur þjónusta safnsins notið verulega góðs af þessu samstarfi, ekki síst námsmenn.

## Safnkostur

---

Safnið býr yfir góðum safnkosti sem í heildina telur yfir 12.000 titla. Á árinu voru lesnar inn 280 bækur á safninu, auk þess sem safnið keypti 67 hljóðrit af útgefendum. Millisafnalán frá sænska safninu voru 41, frá því norska 12 og 4 frá Finnlandi. Einnig bættust við 26 titlar frá RNIB í Bretlandi.

Framleiðsla á bókum gekk vel árið 2021 og í heildina bættist 431 titill inn í safnið. Eins og árið á undan voru fleiri hljóðrit keypt beint af útgefendum enda hefur mikil aukning orðið í hljóðbókaútgáfu bókaforlaganna og hljóðbækur eru orðnar vinsæl sölu- og markaðsvara. Það er eðlileg þróun að safnið reyni eins og unnt er að kaupa hljóðrit af markaði.

## Kynningarstarf

---

Hljóðbókasafn Íslands á gott samstarf við þá sem koma að málefnum blindra, sjónskertra, lesblindra og annarra sem ekki geta nýtt sér prentað letur. Kynningarstarf er liður í því að ná til þessa hóps. Reglulega er kallað eftir því að Hljóðbókasafnið kynni starfsemina hjá Hringsjá – náms- og starfsendurhæfingu. Þar kemst safnið í samband við marga námsmenn sem eru að taka upp þráðinn að nýju.

Samstarf við skóla er mikilvægt sem og samráð við námsstjóra, sérkennara og námsráðgjafa þegar kemur að því að kynna starfsemina og framleiðslu námsbóka. Mikilvægt er fyrir nemendur framhaldsskóla að Hljóðbókasafnið viti sem fyrst hvaða námsbækur eigi að lesa þar sem það tekur tíma að framleiða bækur á aðgengilegu formi. Því flóknari sem bókin er, því meiri vinna er að búa hana til sem texta- og talbók fyrir prentleturshamlaða.

Kynningarbæklingur var sendur til allra lánþega safnsins sem voru að hefja framhaldsskólanám í byrjun september eins og fyrri ár.

## Lykiltölur

---


### Bækur gerðar aðgengilegar 2021

<b>Efni eftir íslenska höfunda</b>	<b>178</b>
þar af barna- og unglingabækur	49
Þýddar bækur	100
þar af barna- og unglingabækur	31
Námsbækur	12
<b>Alls eigin framleiðsla</b>	<b>290</b>
<b>Keyptar á markaði</b>	
Þýddar bækur	23
Eftir íslenska höfunda	43
<b>Alls keyptar á markaði</b>	<b>66</b>
<b>Millisafnalán</b>	
frá MTM, Svíþjóð	42
frá NLB, Noregi	12
frá RNIB, Bretlandi	27
frá Celia, Finnlandi	4
Alls í millisafnalánum	85
<b>Samtals gerðar aðgengilegar 2021</b>	<b>441</b>

# Útlán

## Tegund útlána 2019–2021


Rafræn útlán eru langalgengust og geisladiskanotkun minnkar á milli ára.



Tegund útlána			
	2019	2020	2021
Rafræn útlán	358166	406939	377735
Geisladiskar	49815	45985	39388
<b>Samtals</b>	<b>407981</b>	<b>452924</b>	<b>417123</b>
	2019	2020	2021
Rafræn útlán	88%	90%	91%
Geisladiskar	12%	10%	9%
<b>Samtals</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>



## Fjöldi útlána, afgreiðsluleiðir




	2019	2020	2021
Lánþegi	370.002	415.869	384.088
Starfsmaður	37.602	36.773	33.047
Samtals	407.604	452.642	417.135
	2019	2020	2021
Lánþegi	91%	92%	92%
Starfsmaður	9%	8%	8%
Samtals	100%	100%	100%

## Lánþegar

Lánþegar eru á öllum aldri og afar ólíkir en eiga það sameiginlegt að glíma við prentleturshömlun/lestrarhömlun. Til þess að fá aðgang að safninu þarf að skila inn vottorði frá lækni, sérfræðingi eða sérkennara.


Á Íslandi, sem og annars staðar, eru lesblindir stærsti einstaki lánþegahópurinn sem nýtir sér þjónustu Hljóðbókasafnsins en rannsóknir sýna að um 10–20% einstaklinga eigi í erfiðleikum með lestur og að mikill hluti þeirra sé lesblindur.

Virkir lánþegar voru í lok árs 2021 samtals 15.305 sem skiptast þannig út frá þjónustuástæðu:



Þjónustuástæða virkra lánþega		
Lesblinda	9728	64%
Sjónskerðing/blinda	1549	10%
Annað	4028	26%
<b>Samtals</b>	<b>15305</b>	<b>100%</b>

## Aldur virkra lánþega



Aldur	Fjöldi	Hlutfall
0-15	4166	27%
16-20	3581	23%
21-30	2311	15%
31-40	1250	8%
41-50	890	6%
51-60	672	4%
61-70	698	5%
71-80	829	5%
81-90	654	4%
91-110	254	2%
<b>Samtals</b>	<b>15305</b>	<b>100%</b>

## Grunnupplýsingar

---

### Hljóðbókasafn Íslands

- Digranesvegi 5, 200 Kópavogi
- Sími: 54 54 900
- Vefur: <http://www.hbs.is>
- Netfang: [hbs@hbs.is](mailto:hbs@hbs.is)

### Starfsfólk

#### Forstöðumaður:

- Marín Guðrún Hrafnisdóttir – [marin.g.hrafnisdottir@hbs.is](mailto:marin.g.hrafnisdottir@hbs.is)

#### Útlánadeild:

- Hulda Pétursdóttir, deildarstjóri – [hulda.petursdottir@hbs.is](mailto:hulda.petursdottir@hbs.is)
- Sigrún Pétursdóttir, bókaforráðgjafi – [sigrun.petursdottir@hbs.is](mailto:sigrun.petursdottir@hbs.is)
- Ingunn Helga Gunnarsdóttir, bókaforráðgjafi – [ingunn.h.gunnarsdottir@hbs.is](mailto:ingunn.h.gunnarsdottir@hbs.is)

#### Framleiðsludeild:

- Einar Hrafnsson, deildarstjóri – [einar.hrafnsson@hbs.is](mailto:einar.hrafnsson@hbs.is)
- Hafþór Ragnarsson, hljóðver – [hafthor.ragnarsson@hbs.is](mailto:hafthor.ragnarsson@hbs.is)
- Alfreð Halldórsson, námsbækur – [alfred.halldorsson@hbs.is](mailto:alfred.halldorsson@hbs.is)
- Gunnar Grímsson, upplýsingatæknistjóri – [gunnar.grimsson@hbs.is](mailto:gunnar.grimsson@hbs.is)

### Samráðshópur Hljóðbókasafns Íslands skv. lögum nr. 150/2012

- Kristinn Halldór Einarsson formaður, tilnefndur af Blindrafélaginu, samtökum blindra og sjónskerta á Íslandi
- Sigrún Huld Auðunsdóttir varaformaður, tilnefnd af Félagi íslenskra sérkennara
- Snævar Ívarsson tilnefndur af Félagi lesblindra á Íslandi
- Andrea Dan Árnadóttir tilnefnd af Upplýsingu, félagi bókasafns- og upplýsingafræða
- Halldór Sævar Guðbergsson tilnefndur af Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

#### Varamenn:

- Arnheiður Björnsdóttir tilnefnd af Blindrafélaginu, samtökum blindra og sjónskerta á Íslandi
- Jónína Rós Guðmundsdóttir tilnefnd af Félagi íslenskra sérkennara
- Ásta Guðrún Sveinsdóttir tilnefnd af Félagi lesblindra á Íslandi
- Helgi Sigurbjörnsson tilnefndur af Upplýsingu, félagi bókasafns- og upplýsingafræða
- Ásdís Þórðardóttir tilnefnd af Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

## Lesarar 2021

Listi yfir lesara sem lásu á safninu en að auki bættust nýir lesarar í hópinn með því að nú kaupir safnið meira af tilbúnum hljóðbókum af útgefendum.

Arndís Þórarinsdóttir	Ásdís Thoroddsen
Berglind Steinsdóttir	Björn Stefánsson
Björk Þorgrímsdóttir	Bryndís Jónatansdóttir
Böðvar Leós	Eggert A. Kaaber
Einar Hrafnsson	Einar Örn Stefánsson
Elín Gunnarsdóttir	Friðrik Gígja
Gríma Kristjánsdóttir	Guðmundur Ólafsson
Guðmundur S. Brynjólfsson	Hafþór Ragnarsson
Hanna María Karlsdóttir	Haukur Ingvarsson
Helga Elínborg Jónsdóttir	Hjálmar Hjálmarsson
Hjörtur Pálsson	Jakob S. Jónsson
Karl Emil Gunnarsson	Katrín Ásmundsdóttir
Kristján Franklín Magnús	Kristveig Lárusdóttir
Linda Hrönn Helgadóttir	Magnús Þór Hafsteinsson
Margrét Kaaber	Margrét Örnólfsdóttir
María Lovísa Guðjónsdóttir	Marín Guðrún Hrafnisdóttir
Olga Guðrún Árnadóttir	Ólöf Rún Skúladóttir
Pétur Eggerz	Ragnheiður Steindórsdóttir
Sigríður Arnardóttir (Sirrý)	Sigurður Skúlason
Sólveig Hauksdóttir	Sólveig Pálsdóttir
Stefán Jónsson	Sunna Björk Þórarinsdóttir
Súsanna Margrét Gestsdóttir	Svavar Jónatansson
Stefán Þór Þorgeirsson	Vala Þórsdóttir
Valgerður Bachmann	Vilhjálmur E. Eggertsson
Vilborg Yrsa Sigurðardóttir	Þórey Sigþórsdóttir
Þórunn Hjartadóttir	Þórunn Raket Gylfadóttir
Halla Margrét Jóhannesdóttir	

## Listi yfir bækur gerðar aðgengilegar á árinu

Hljóðbókasafn Íslands framleiddi á árinu 2021 alls 290 bækur, auk þess sem safnið keypti 66 hljóðrit af útgefendum og fékk 85 bækur í millisafnalánum.

Achebe, Chinua	No longer at ease
Adams, Robert A.	Calculus
Adichie, Chimamanda Ngozi (f. 1977)	Það sem hangir um hálsinn
Adolfsson, Maria (f. 1958)	Milli steins og sleggju
Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir (f. 1972)	Samfélagshjúkrun
Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir (f. 1972)	Samfélagshjúkrun
Agla Hjörvarsdóttir (f. 1991)	Boðaföll : Nýjar nálganir í sjálfsvígsforvörnum
Ahnhem, Stefan (f. 1966)	Síðasti naglinn
Ahrstedt, Simona (f. 1967)	Aðeins eitt leyndarmál
Alda Karen Hjaltalín (f. 1993)	Lífsbíblían : 50 lífslyklar, sögur & leyndarmál
Aldís Guðmundsdóttir (f. 1950)	Þroskasálfræði : lengi býr að fyrstu gerð
Allende, Isabel	Yfir höfin
Alsterdal, Tove (f. 1960)	Blindgöng
Aníta Guðný Gústavsdóttir (f. 1975)	Grunnur að næringarfræði : vinnubók
Aníta Guðný Gústavsdóttir (f. 1975)	Grunnur að næringarfræði
Anna Hafþórsdóttir (f. 1988)	Að telja upp í milljón
Anna Ólafsdóttir Björnsson (f. 1952)	Mannavillt
Anna Ragna Fossberg (f. 1966)	Hugfanginn
Ardone, Viola	Barnalestin
Arna Skúladóttir (f. 1956)	Draumaland
Arnaldur Indriðason (f. 1961)	Sigurverkið
Arndís Þórarinsdóttir (f. 1982)	Bál tímans

Arngrímur Hermannsson (f. 1954)	Björgunarsveitin mín
Audrain, Ashley (f. 1982)	Grunur
Auðbjörg Reynisdóttir (f. 1961)	Banvæn mistök í íslenska heilbrigðiskerfinu : hvernig lifir móðir af slíkan missi?
Auður Ava Ólafsdóttir (f. 1958)	Dýralíf
Auður Jónsdóttir (f. 1973)	Allir fuglar fljúga í ljósið
Azar, Shokoofeh	Uppljómun í eðalplómutrénu
Árelía Eydís Guðmundsdóttir (f. 1966)	Slétt og brugðið
Ármann Jakobsson (f. 1970)	Álfheimar: Bróðirinn
Ármann Jakobsson (f. 1970)	Skollaleikur
Árni Matthíasson (f. 1957)	Bubbi Morthens
Ása Marin (f. 1977)	Vegur vindsins : buen camino
Ása Marin (f. 1977)	Yfir hálfan hnöttinn
Ásdís Halla Bragadóttir (f. 1968)	Læknirinn í Englaverksmiðjunni : saga Moritz Halldórssonar
Ásgeir Ásgeirsson (f. 1957)	Styrktar- og sjúkrasjóður verzlunarmanna í Reykjavík 150 ára
Ásgeir Jónsson (f. 1970)	Uppreisn Jóns Arasonar
Ásta Bergljót Stefánsdóttir (f. 1959)	Andlitsmeðferð og efnafræði snyrtivara
Bakkeid, Heine	Hittumst í paradís
Balzano, Marco (f. 1978)	Ég verð hér
Benný Sif Ísleifsdóttir (f. 1970)	Djúpið
Benyon, David	Designing user experience
Berberova, Nina	Svarta meinið
Berger, Kathleen Stassen	The developing person through the life span
Bergrún Íris Sævarsdóttir (f. 1985)	Kennarinn sem kveikti í
Bergsveinn Birgisson (f. 1971)	Kolbeinsey
Bergsveinn Ólafsson (f. 1992)	Tíu skref í átt að innihaldsríku lífi
Birgitta Haukdal (f. 1979)	Lára lærir að lesa
Birgitta Haukdal (f. 1979)	Afmæli hjá Láru
Birgitta Haukdal (f. 1979)	Gamlárskvöld með Láru

Birgitta Haukdal (f. 1979)	Lára lærir að hjóla
Bjarni Fritzson (f. 1980)	Salka : Tölvuheimurinn
Bjarni Fritzson (f. 1980)	Orri óstöðvandi : Kapphlaupið um silfur Egils
Björk Þorgeirsdóttir (f. 1967)	Kynjafræði fyrir byrjendur
Björn Halldórsson (f. 1983)	Smáglæpir
Björn Halldórsson (f. 1983)	Stol
Björn Jón Bragason (f. 1979)	Lögfræði fyrir viðskiptalífið
Blædel, Sara	Stúlkan undir trénu
Bragi Páll Sigurðsson (f. 1984)	Arnaldur Indriðason deyr
Brautigan, Richard (f. 1935)	Willard og keilubikararnir hans : afbrigðileg ráðgáta
Burton, Kim	Bókin um bakið
Böðvar Magnússon (f. 1878)	Undir tindum : ævisögubættir og sagnir
Cabeza, Anna	Leynardómurinn um yfirgefna hundakúkinn
Cantini, Barbara	Sombína og draugurinn
Carty-Williams, Candice	Queenie
Chesterton, G K	Faðir Brown : úrval
Child, Lee (f. 1954)	Dauðahliðið
Cicero, Marcus Tullius	Um ellina
Cleeves, Ann (f. 1954)	Mávurinn
Cleeves, Ann (f. 1954)	Bláleiftur
Cleeves, Ann (f. 1954)	Ládeyða
Colgan, Jenny (f. 1972)	Jól á eyjahótelinu
Colgan, Jenny (f. 1972)	Litla bókabúðin við vatnið
Dagný Kristjánsdóttir (f. 1990)	Gullin mín
Dagný Maggýjar (f. 1969)	Lífið á vellinum
Dahl, Ingebjørg Midsem	Virkniaðlögun : fyrir betra líf með ME
Dahl, Roald (f. 1916)	Gírafína og Pellinn og ég
Davis, Ben	The private blog of Joe Cowley
Davíð Þór Jónsson (f. 1965)	Allt uns festing brestur
Dean, Abigail	Stúlka A
Donaldson, Stephen R.	Against all things ending, 2



Donaldson, Stephen R.	Against all things ending, 1
Donaldson, Stephen R.	Fatal revenant, 2
Donaldson, Stephen R.	Fatal revenant, 1
Donaldson, Stephen R.	The runes of the Earth, 2
Donaldson, Stephen R.	The runes of the Earth, 1
Downing, Samantha	Elskuleg eiginkona mín
Edvinsson, Anki	Snöängeln
Edvinsson, Anki	Lust att döda
Egill St. Fjeldsted (f. 1969)	Krapaflóðin á Patreksfirði 1983
Einar J. Gíslason (f. 1923)	Einar í Betel
Einar Kárason (f. 1955)	Málsvörn Jóns Ásgeirs Jóhannessonar
Einar Kárason (f. 1955)	Þung ský
Einar Lövdahl (f. 1991)	Í miðju mannhafi
Einar Már Guðmundsson (f. 1954)	Skáldleg afbrotafræði
Eiríkur Áspór Ragnarsson (f. 1984)	Eikonomics : hagfræði á mannamáli
Eiríkur Örn Norðdahl (f. 1978)	Einlægur Önd
Elísabet Jökulsdóttir (f. 1958)	Aprílsólarkuldi : (Eitthvað alveg sérstakt) : frásögn um ást og geðveiki og huggun
Ellis, Deborah	The Breadwinner
Emil Hjörvar Petersen (f. 1984)	Hælið
Engberg, Katrine (f. 1975)	Krókóðillinn
Erla Hlynsdóttir (f. 1978)	11.000 volt : þroskasaga Guðmundar Felix
Erla Hulda Halldórsdóttir	Konur sem kjósa : aldarsaga
Eva Björg Ægisdóttir (f. 1988)	Þú sérð mig ekki
Eva Björg Ægisdóttir (f. 1988)	Næturskuggar
Eva Rún Snorradóttir (f. 1982)	Heimsendir fylgir þér alla ævi
Evaristo, Bernardine	Girl, woman, other
Eygló Jónsdóttir (f. 1957)	Sóley og töfrasverðið
Eyrún Ingadóttir (f. 1967)	Konan sem elskaði fossinn : Sigríður í Brattholti : söguleg skáldsaga
Eypór Árnason (f. 1954)	Norður

Eyþór Jóvinsson (f. 1985)	Sundkýrin Sæunn
Faber, Kim (f. 1955)	Kaldaslóð
Fagerholm, Monika	Vem dödade bambi?
Feldman, Ellen (f. 1941)	Næstum eins og ástin
Flosi Ólafsson (f. 1929)	Gamlar syndir
Foley, Lucy	Áramótaveislan
Fortes, Susana (f. 1959)	Biðin eftir Robert Capa
Fraser, George MacDonald	Flashman and the mountain of light
Gabalton, Diana	Lord John and the private matter
Garðar Gíslason (f. 1952)	Félagsfræði 1 : einstaklingur og samfélag
Garvin, Jeff	Symptoms of Being Human
Gerður Kristný (f. 1970)	Meira pönk, meiri hamingja
Gibbons, Stella	Conference at Cold Comfort Farm
Gibbons, Stella	Cold Comfort Farm
Gibson, Barbara E.	Rehabilitation: A Post-critical Approach
Girard-Audet, Catherine (f. 1981)	Flókið líf Leu Ólivers
Green, Barry	The Inner Game of Music
Green, John	Will Grayson, Will Grayson
Guðjón Ingi Eiríksson (f. 1961)	Spæjarahundurinn
Guðjón Ragnar Jónasson (f. 1974)	Guðni á ferð og flugi
Guðjón Ragnar Jónasson (f. 1974)	Sumarið í sveitinni : Spurningar, svör og fróðleikur um lífið úti á landi
Guðlaug Jónsdóttir (f. 1966)	Í huganum heim
Guðmundur Gíslason Hagalín (f. 1898)	Saga Eldeyjar-Hjalta
Guðmundur Gíslason Hagalín (f. 1898)	Saga Eldeyjar-Hjalta
Guðmundur J. Guðmundsson (f. 1954)	Guðir og hetjur : þættir úr grískri goðafræði
Guðni Már Henningsson (f. 1952)	Þó nokkuð mörg augnablik : frá Bústaðahverfi til Tenerife með 24 ára stoppi á Rás 2
Guðrún Guðlaugsdóttir (f. 1944)	Ættarmótið

Guðrún Guðlaugsdóttir (f. 1944)	Hús harmleikja
Gunnar Baldvinsson (f. 1961)	Farsæl skref í fjármálum
Gunnar Helgason (f. 1965)	Palli Playstation
Gunnar Helgason (f. 1965)	Alexander Daníel Hermann Dawidsson: Bannað að eyðileggja
Gunnar M. Magnúss (f. 1898)	Völva Suðurnesja
Gunnar Theodór Eggertsson (f. 1982)	Nornaseiður
Gunnar Þór Bjarnason (f. 1957)	Íslands- og mannkynssaga 2
Gunnar Þór Bjarnason (f. 1957)	Spænska veikin
Gurnah, Abdulrazak	Paradiset
Gustavsson, Matilda (f. 1987)	Klúbburinn
Halldór Armand Ásgeirsson (f. 1986)	Bróðir
Halldór Guðmundsson (f. 1956)	Sagnalandið : Bókmenntahringferð um landið
Hallgrímur Helgason (f. 1959)	Koma jólf?
Hamsun, Knut	Konene ved vannposten
Hamsun, Knut	Sult
Hamsun, Knut	Pan
Handke, Peter (f. 1942)	Hið stutta bréf og hin langa kveðja
Haraldur Bessason (f. 1931)	Guðir og menn
Hardinge, Frances (f. 1973)	Lygatréð
Harpa Rún Kristjánsdóttir (f. 1990)	Kynslóð
Harpa Rún Kristjánsdóttir (f. 1990)	Edda
Harper, Jane	Ógnarhiti
Haukur Ingi Jónasson (f. 1966)	Samskiptafærni : samskipti, hópar og teymisvinna
Haukur Ingvarsson (f. 1979)	Vistarverur
Haukur Ingvarsson (f. 1979)	Menn sem elska menn
Hibbeler, Russell Charles	Engineering mechanics: dynamics
Hildur Knútsdóttir (f. 1984)	Myrkrið milli stjarnanna
Hilmar Örn Óskarsson (f. 1975)	Húsið í september
Hilmar Örn Óskarsson (f. 1975)	Holupotvoríur alls staðar!

Hilton, L.S. (f. 1974)	Domina
Hilton, L.S. (f. 1974)	Ultima
Hilton, L.S. (f. 1974)	Maestra
Hjalti Halldórsson (f. 1980)	Eldurinn
Hjalti Halldórsson (f. 1980)	Veran í vatninu
Hjalti Halldórsson (f. 1980)	Ofurhetjan
Hljóðbókasafn Íslands	Viljayfirlýsing á Degi læsis
Hljóðbókasafn Íslands	Starfsskýrsla Hljóðbókasafnsins 2020
Horst, Jørn Lier (f. 1970)	Dulmál Katharinu
Hrafn Jökulsson (f. 1965)	Miklu meira en mest
Huebner, Dawn	Hvað get ég gert við of mikla neikvæðni? : bók fyrir börn til að sigrast á neikvæðri hugsun
Huebner, Dawn	Hvað get ég gert þegar erfitt er að sofna? : bók fyrir börn til að sigrast á svefnvanda
Hughes, Kathryn (f. 1964)	Bréfið
Hutchison, Barry	The 13th horseman
Ingemarsson, Kajsa (f. 1965)	Allt á floti
Ingibjörg Hjartardóttir (f. 1952)	Jarðvísindakona deyr
Ingulstad, Frid	Framtidsháp
Ingulstad, Frid	Farlige rykter
Ingulstad, Frid	Vinternatt
Ingulstad, Frid	Gullnálen
Jacobsen, Roy	Augu Rigels 3
Johnson, Leah	You Should See Me in a Crown
Jón Birgir Pétursson (f. 1938)	Réttvísinn á svifrá : Björn í Firði
Jón Gauti Jónsson (f. 1969)	Fjallabókin : handbók um fjallgöngur og ferðalög í óbyggðum Íslands
Jón Gnarr (f. 1967)	Indjáninn : skálduð ævisaga
Jón Hjartarson (f. 1944)	Raddir : annir og efri ár
Jón Kalman Stefánsson (f. 1963)	Fjarvera þín er myrkur
Jón Karl Helgason (f. 1965)	Smásögur heimsins : Evrópa
Jón R. Hjálmarsson (f. 1922)	25 sögur af skessum og skrímslum

Jón Þ. Þór (f. 1944)	Bandaríkjaforsetar : ævibættir allra forseta Bandaríkjanna - frá George Washington til Baracks Obama
Jónas Reynir Gunnarsson (f. 1987)	Dauði skógar
Jónína Leósdóttir (f. 1954)	Launsátur
Júlí Ósk Antonsdóttir	Fósturmissir
Kaaberbøl, Lene (f. 1960)	Villinorn : Afturkoman
Kaaberbøl, Lene (f. 1960)	Villinorn: Fjandablóð
Kallentoft, Mons (f. 1968)	Vítisfnykur
Kamilla Einarsdóttir (f. 1979)	Tilfinningar eru fyrir aumingja
Karl Ágúst Úlfsson (f. 1957)	Eldur í höfði
Karl Sigurbjörnsson (f. 1947)	Hallgrímur Pétursson : Ævibáttur
Kauffman, James M.	Characteristics of emotional and behavioral disorders of children and youth
Kepler, Lars	Eldvitnið
Kepler, Lars	Spegilmennið
Khalifa, Khaled (f. 1964)	Engir hnífar í eldhúsum þessarar borgar
King, Stephen (f. 1947)	Sjáandinn
Kinney, Jeff	Dagbók Kidda klaufa : Brot og braml
Kinney, Jeff	Dagbók Kidda klaufa : Snjóstríðið
Kinsella, Sophie (f. 1969)	Leyndarmál
Kjartan Atli Kjartansson (f. 1984)	Saman í liði : Lóa og Börkur
Kjartan Ólafsson (f. 1933)	Draumar og veruleiki
Koontz, Dean (f. 1945)	Drekatár
Kristín Björg Sigurvinsdóttir (f. 1992)	Dóttir hafsins
Kristín Helga Gunnarsdóttir (f. 1963)	Ótemjur
Kristín Steinsdóttir (f. 1946)	Yfir bænum heima
Kristján Hreinsson (f. 1957)	Lökin í golunni
Läckberg, Camilla	Kassinn
Larsson, Åsa	Draugurinn
Lemaitre, Pierre	Brúðarkjöllinn

Liksom, Rosa	Väylä : kertomus
Liksom, Rosa	Ofurstynjan
Lilja Sigurðardóttir (f. 1972)	Náhvít jörð
Lindgren, Torgny (f. 1938)	Naðran á klöppinni
London, Jack	The call of the wild
Lovecraft, Howard Philips	At the mountains of madness and other novels of terror
Lozano, José Jiménez (f. 1930)	Lambið og aðrar sögur
Lóa H. Hjalmtýsdóttir (f. 1979)	Grísafjörður : ævintýri um vináttu og fjör
Magnús Þór Hafsteinsson (f. 1964)	Martröð í Mykinesi : íslenska flugslysið í Færeyjum 1970
Mansell, Jill	Það hófst með leyndarmáli
Manson, Mark (f. 1984)	Listin að vera fukk sama
Margrét Tryggvadóttir (f. 1972)	Sterk
María Elísabet Bragadóttir (f. 1993)	Herbergi í öðrum heimi
Marklund, Liza (f. 1962)	Heimskautsbaugur
Mårtenson, Jan	Neros bægare
Mårtenson, Jan	Den röda näckrosen
Mårtenson, Jan	Rosor från döden
Mårtenson, Jan	Häxmästaren
Mårtenson, Jan	Mord i Venedig
Mårtenson, Jan	Guldmakaren
Mårtenson, Jan	Döden gör en tavla
Mårtenson, Jan	Vampyren
Mårtenson, Jan	Slakten är bäst
Mårtenson, Jan	Vinprovarna
Mårtenson, Jan	Döden går på museum
Mårtenson, Jan	Döden går på cirkus
Mårtenson, Jan	Djävulens hand
Mårtenson, Jan	Häxhammaren
Mårtenson, Jan	Helgeandsmordet

Mårtenson, Jan	Drakguldet
Mårtenson, Jan	Demonerna
Martinson, Harry (f. 1904)	Leiðin í Klukknaříki
McCaughrean, Geraldine (f. 1951)	Á hjara veraldar
McCloud, Scott	Understanding comics
McKinty, Adrian	Keðjan
Montgomery, Lucy Maud	Anna á Arinhæð
Montgomery, Lucy Maud	Anne of Windy Willows
Montgomery, Lucy Maud	Anne of the island
Montgomery, Lucy Maud	Anne of Avonlea
Montgomery, Lucy Maud	Anne of Green Gables
Morgan, Sarah (f. 1948)	Fjölskylda fyrir byrjendur
Morgan, Sarah (f. 1948)	Vetrarfrí í Hálöndunum
Morris, Heather	Ferðalag Cilku
Moyes, Jojo (f. 1969)	Færðu mér stjörnur
Nabokov, Vladimir	Örvænting
Natt och Dag, Niklas	1794
Newton, Kenneth	Foundations of comparative politics
Ohlsson, Kristina	Stormvakt
Oksanen, Sofi	Koirapuisto
Oksanen, Sofi	Hundagerðið
Olsen, Lars-Henrik	Dvergurinn frá Normandí
Omar, Sara (f. 1986)	Líkþvottakonan
Osman, Richard (f. 1970)	Fimmtudagsmorðklúbburinn
Ólafur Andri Ragnarsson (f. 1966)	Fjórða iðnbyltingin : Iðnvæðingar og áhrif á samfélagið
Ólafur Haukur Símonarson (f. 1947)	Höfuðbók
Ólafur Ragnar Grímsson (f. 1943)	Rætur : Á æskuslóðum minninga og mótunar
Ólafur Teitur Guðnason (f. 1973)	Meyjarmissir
Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir (f. 1958)	Ilmreyr

Ómar Valdimarsson (f. 1950)	Gunni Þórðar : Lífssaga
Óskar Árni Óskarsson (f. 1950)	Fjörutíu ný og gömul ráð við hversdagslegum uppákomum
Óskar Guðmundsson (f. 1965)	Dansarinn
Óttar Sveinsson (f. 1958)	Útkall : Í auga fellibylsins
Páll Árnason (f. 1957)	Plast
Pearse, Lesley	The promise
Peers, Bobbie	Huldugáttin
Penny, Louise	Ríki hinna blindu
Pettersson, Maria	Historian jännät naiset : merirosvoja, meedioita, varkaita ja vakoojaprincessoja
Quinn, Julia	The viscount who loved me
Quinn, Julia	The Duke and I
Rafn Franklín Johnson Hrafnsson (f. 1994)	Borðum betur : fimm skref til langvarandi lífsstílsbreytinga
Ragnar Jónasson (f. 1976)	Úti
Ragnheiður Gestsdóttir (f. 1953)	Farangur
Rannveig Borg Sigurðardóttir (f. 1972)	Fíkn
Ravatn, Agnes (f. 1983)	Fugladómstóllinn
Riley, Lucinda	Sjö systur
Riordan, Rick	The House of Hades
Robinson, Marilynne	Jack
Rowling, J. K. (f. 1965)	Jólasvínið
Rowling, J. K. (f. 1965)	Harry Potter og eldbikarinn 4
Rósa Magnúsdóttir (f. 1974)	Kristinn og Þóra : Rauðir þræðir
Russell, Rachel Renée (f. 1959)	Leyndarmál Lindu : Sögur af ekki-svo-góðri ástarsorg
Russell, Rachel Renée (f. 1959)	Leyndarmál Lindu : Sögur af ekki-svo gáfaðri sem-veit-allt
Russell, Rachel Renée (f. 1959)	Leyndarmál Lindu : Sögur af ekki-svo góðri skautadrottningu
Russell, Rachel Renée (f. 1959)	Leyndarmáli Lindu : Sögur af ekki-svo góðri poppstjörnu



Russell, Rachel Renée (f. 1959)	Leyndarmál Lindu : sögur af ekki-svo vinsælli partístelpu
Russell, Rachel Renée (f. 1959)	Leyndarmál Lindu : sögur af ekki-svo æðislegu lífi
Rut Guðnadóttir (f. 1994)	Drekar, drama og meira í þeim dúr
Salinger, J. D.	Bjargvætturinn í grasinu
Sandemo, Margit (f. 1924)	Tár næturinnar
Sandemo, Margit (f. 1924)	Barn einsemdarinnar
Sandemo, Margit (f. 1924)	Hafsjór af ást
Sandemo, Margit (f. 1924)	Banvænt sakleysi
Sapkowski, Andrzej	Baptism of fire
Sapkowski, Andrzej	Season of storms
Sapkowski, Andrzej	The lady of the lake
Sapkowski, Andrzej	The tower of swallows
Saramago, José (f. 1922)	Blindness
Sáenz, Benjamin Alire	Aristotle and Dante discover the secrets of the universe
Schneider, Susan M.	The science of consequences : how they affect genes, change the brain, and impact our world
Schulman, Alex (f. 1976)	Eftirlifendurnir
Schulman, Ninni (f. 1972)	Bara þú
Schulman, Ninni (f. 1972)	Leyndarmálið okkar
Scott, Manda	Dreaming the serpent spear
Scott, Manda	Dreaming the Bull
Scott, Manda	Dreaming the eagle, 2
Scott, Manda	Dreaming the eagle, 1
Sedgewick, Robert	Algorithms
Seeck, Max	Nornaveiðar
Shafak, Elif (f. 1971)	10 mínútur og 38 sekúndur í þessari undarlegu veröld
Sif Sigmarsdóttir (f. 1978)	Banvæn snjókorn
Sigríður Hafstað (f. 1927)	Sigríður á Tjörn
Sigríður Hagalín Björnsdóttir (f. 1974)	Eldarnir
Sigrún Eldjárn (f. 1954)	Rauð viðvörun! Jólin eru á leiðinni

Sigrún Elíasdóttir (f. 1978)	Illfyglið
Sigrún Elíasdóttir (f. 1978)	Týnda barnið
Sigrún Pálsdóttir (f. 1967)	Dyngja
Sigurgeir Kjartansson (f. 1938)	Sigurgeir skar'ann : endurminningar skurðlæknis á Landakoti
Sirowitz, Hal	Sagði sálfræðingurinn minn
Sirowitz, Hal	Sagði pabbi
Sirry (f. 1965)	Saga finnur fjársjóð (og bætir heiminn í leiðinni)
Símon Jón Jóhannsson (f. 1957)	Hulduheimar : huldufólksbyggðir á Íslandi
Slimani, Leila	Í landi annarra
Snjólaug Bragadóttir (f. 1945)	Undir merki steingeitar
Snorri Sigurðsson (f. 1968)	Nautgriparækt
Snæbjörn Arngrímsson (f. 1961)	Handbók gullgrafarans
Sorosiak, Carlie	Ég heiti Kosmó
Sóley Dröfn Davíðsdóttir (f. 1972)	Náðu tókum á þyngdinni með hugrænni atferlismeðferð
Sólmundur Hólm Sólmundarson (f. 1983)	Herra Hnetusmjör : hingað til
Sólrún Lilja Diego Elmarsdóttir (f. 1991)	Heima
Sólveig Pálsdóttir (f. 1959)	Skaði
Springora, Vanessa (f. 1972)	Samþykki
Staffeldt, Nina von (f. 1964)	Frosin sönnunargögn
Stanisic, Sasa (f. 1978)	Uppruni
Stark, Sigge (f. 1896)	Að freista gæfunnar
Steel, Danielle (f. 1948)	Spegilmynd
Steel, Danielle (f. 1948)	Vegferð til vonar
Stefán Máni (f. 1970)	Horfarnar
Stein, Gertrude (f. 1874)	Sjálfsævisaga Alice B. Toklas
Steinar Bragi (f. 1975)	Truflunin
Steinar J. Lúðvíksson (f. 1941)	Skipskaðar á svörtum söndum
Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir (f. 1981)	Vél

Steinunn Sigurðardóttir (f. 1950)	Systu megin : Leiksaga
Stella Blómkvist	Morðið við Huldukletta
Sten, Camilla	Maurildi
Sten, Viveca (f. 1959)	Í leyndri gröf
Stjórnlagaráð 2011	Nýja íslenska stjórnarskráin
Stone, Nic	Dear Martin
Sumarliði R. Ísleifsson (f. 1955)	Í fjarska norðursins : Ísland og Grænland : viðhorfasaga í þúsund ár
Svanhildur Óskarsdóttir (f. 1964)	Konan kemur við sögu
Svanhildur Sif Halldórsdóttir (f. 1985)	Íslenskar draugasögur
Sveinn Torfi Þórólfsson (f. 1945)	Með grjót í vösunum
Svensson, Patrik	Álabókin : Sagan um heimsins furðulegasta fisk
Svensson, Patrik	Álevangeliet : beráttelsen om várlðens mest gátfulla fisk
Sverrir Norland (f. 1986)	Stríð og kliður
Swarup, Vikas	Slumdog millionaire
Sævar Helgi Bragason (f. 1984)	Sólkerfið
Sævar Þór Jónsson (f. 1978)	Barnið í garðinum
Sölvi Sveinsson (f. 1950)	Lög unga fólksins : átta tilbrigði við stef
Sölvi Tryggvason (f. 1978)	Jón Páll : ævisaga sterkasta manns í heimi
Tritten, Charles	Heiða í heimavistar skóla
Unge, Christian	Gegnum vötn, gegnum eld
Unnur Lilja Aradóttir (f. 1981)	Höggið
Úlfar Þormóðsson (f. 1944)	Fyrir augliti : Dagatal
Valgeir Skagfjörð (f. 1956)	Svo týnist hjartaslóð : þroskasaga Betu Reynis
Valgerður Bachmann (f. 1984)	Hulda og töfrasteinninn
Valgerður Ólafsdóttir (f. 1977)	Konan hans Sverris
Valur Gunnarsson (f. 1976)	Bjarmalönd : Rússland, Úkraína og nágrenni í nútíð, fortíð og framtíð
Vance, Jack	Araminta Station
Vilborg Davíðsdóttir (f. 1965)	Undir Yggdrasil
Villalobos, Juan Pablo	Ef við værum á venjulegum stað

Walliams, David (f. 1971)	Kynjadýr í Buckinghamhöll
Walliams, David (f. 1971)	Verstu foreldrar í heimi
Walliams, David (f. 1971)	Herra Fnykur
Webb, Holly (f. 1976)	Hvolpurinn sem gat ekki sofið
Webb, Holly (f. 1976)	Húgó heimilislaus
Weir, Meghan MacLean	The Book of Essie
Wells, Benedict (f. 1984)	Um endalok einsemdarinnar
Whitehead, Colson (f. 1969)	Nickel-strákarnir
Whitehead, Colson (f. 1969)	The underground railroad
Widmark, Martin (f. 1961)	Saffranráðgátan
Widmark, Martin (f. 1961)	Bókasafnsráðgátan
Williams, John	Stoner
Yrsa Sigurðardóttir (f. 1963)	Lok, lok og læs
Yrsa Sigurðardóttir (f. 1963)	Herra Bóbó, Amelía og ættbrókin
Yu, Charles	Interior Chinatown
Þógrímur Þráinsson (f. 1959)	Tunglið, tunglið taktu mig
Þorvaldur Þorsteinsson (f. 1960)	Blíðfinnur og svörtu teningarnir : Lokaorrustan
Þorvaldur Þorsteinsson (f. 1960)	Ert þú Blíðfinnur? Ég er með mikilvæg skilaboð
Þórarinn Eldjárn (f. 1949)	Ljóðpundari
Þórarinn Eldjárn (f. 1949)	Umfjöllun
Þórarinn Eldjárn (f. 1949)	Rím og roms
Þórarinn Leifsson (f. 1966)	Út að drepa túrista
Þórdís Gísladóttir (f. 1965)	Nú er nóg komið!
Þórður Tómasson (f. 1921)	Stóraborg : staður mannlífs og menningar
Þórhallur Heimisson (f. 1961)	Saga guðanna : ferðahandbók um veröld trúarbragðanna
Þórhallur Vilhjálmsson (f. 1963)	Svínahirðirinn
Þórunn Jarla Valdimarsdóttir (f. 1954)	Bærinn brennur : Síðasta aftaka á Íslandi
Þórunn Rákel Gylfadóttir (f. 1968)	Akam, ég og Annika
Ævar Þór Benediktsson (f. 1984)	Þín eigin saga. 7, Rauðhetta

Ævar Þór Benediktsson (f. 1984)	Fleiri hryllilega stuttar hrollvekjur
Ævar Þór Benediktsson (f. 1984)	Þín eigin saga. 6, Knúsípons
Ævar Þór Benediktsson (f. 1984)	Þín eigin saga. 5, Risaeðlur
	101 atriði
	Bókatíðindi 2021
	Íslendingabók og Landnámabók
	Tekjublaðið 2021 : tekjur 4000 Íslendinga